2. tl. 16. gr.

Beiðnum og meðfylgjandi málsskjölum sem eigi eru á íslensku, dönsku, ensku, norsku eða sænsku skal ætíð fylgja íslensk eða ensk þýðing.

Article 16, paragraph 2

Requests and annexed documents not drawn up in Icelandic, Danish, English, Norwegian or Swedish shall be accompanied by a translation into Icelandic or English.

24. gr.

Orðið „dómsmálayfirvöld" á Íslandi samkvæmt samningi þessum þýðir dómsmálaráðuneyti, dómstólar, ríkissaksóknari og lögreglustjórar.

Article 24

For the purposes of the Convention the term "judicial authorities" in Iceland means the Ministry of Justice, the courts, the State Prosecutor and Chiefs of Police.

Nr. 10 27. júní 1984

AUGLÝSING

um Evrópusamning um eftirlit með umráðum einstaklinga á skotvopnum og með því hvernig þeir afla þeirra.

Fullgildingarskjal Íslands vegna Evrópusamnings um eftirlit með umráðum einstaklinga á skotvopnum og með því hvernig þeir afla þeirra var afhent 20. júní 1984. Samningurinn var gerður í Strassborg 28. júní 1978 og undirritaður fyrir Íslands hönd 27. september 1982.

Hann öðlast gildi fyrir Ísland 1. október 1984.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. júní 1984.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

EVRÓPUSAMNINGUR

um eftirlit með umráðum einstaklinga á skotvopnum og með því hvernig þeir afla þeirra

Aðildarríki Evrópuráðsins sem undirrita samning þennan

Hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að auka samheldni aðila þess,

Hafa í huga ógnun þá sem stafar af aukinni notkun skotvopna við afbrot,

Eru sér meðvituð um að slíkra skotvopna er oft aflað erlendis,

Óska að koma á fót á alþjóðlegum grundvelli virkum aðferðum til að stjórna flutningi skotvopna yfir landamæri,

Gera sér ljósa nauðsyn þess að forðast úrræði sem geta hindrað lögmæt milliríkjaviðskipti eða

EUROPEAN CONVENTION

on the Control of the Acquisition and Possession of Firearms by Individuals

The member States of the Council of Europe, signatory hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its Members;

Considering the threat posed by the increasing use of firearms in crime;

Conscious of the fact that such firearms are often obtained abroad;

Desirous of instituting on an international scale effective methods of controlling the movement of firearms across frontiers;

Aware of the need to avoid measures that may hamper legitimate international trade or result in

geta leitt til óframkvæmanlegs eða óþarflega þunglamalegs landamæraeftirlits sem er í andstöðu við nútíma markmið varðandi frelsi vöru- og fólksflutninga,

Hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. KAFLI
Skilgreiningar og almenn ákvæði.

1. gr.

Í samningi þessum:

a. Skal „skotvopn" hafa þá merkingu sem því er gefin í viðauka I við samning þennan.

b. Merkir „aðili" einnig lögaðila sem hefur atvinnustöð á landssvæði samningsaðila.

c. Tekur „vopnasali" til aðila sem hefur það að aðal- eða hlutastarfi að framleiða, selja, kaupa, skipta eða leigja skotvopn.

d. Tekur „íbúi" til aðila sem hefur fast aðsetur á landssvæði samningsaðila samkvæmt skilgreiningu í reglu nr. 9 í viðauka við ályktun (72) 1 ráðherranefndar Evrópuráðsins.

2. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að veita hver öðrum gagnkvæma aðstoð með milligöngu viðkomandi yfirvalda við að kveða niður ólöglegt streymi skotvopna og við að leita að og finna skotvopn sem flutt hafa verið frá landssvæði eins ríkis til landssvæðis annars.

3. gr.

Sérhverjum samningsaðila er frjálst að gefa út lög og reglugerðir varðandi skotvopn enda séu þau ekki í ósamræmi við ákvæði samnings þessa.

4. gr.

Samningur þessi tekur ekki til viðskipta er varða skotvopn þar sem allir aðilar eru ríki eða koma fram fyrir hönd ríkja.

II. KAFLI
Tilkynning um viðskipti.

5. gr.

1. Nú er skotvopn sem til staðar er á landssvæði samningsaðila selt, afhent eða á annan hátt

impracticable or unduly onerous frontier controls that conflict with modern goals of freedom of movement of goods and of persons,

Have agreed as follows:

CHAPTER I
Definitions and general provisions

Article 1

For the purposes of this Convention:

a. "firearm" has the meaning assigned to it in Appendix I to this Convention;

b. "person" shall also mean a legal person having a place of business in the territory of a Contracting Party;

c. "dealer" means a person whose trade or business consists wholly or partly in the manufacture, sale, purchase, exchange or hire of firearms;

d. "resident" refers to a person who has habitual residence in the territory of a Contracting Party within the meaning of Rule No. 9 of the Annex to Resolution (72) 1 of the Committee of Ministers of the Council of Europe.

Article 2

The Contracting Parties undertake to afford each other mutual assistance through the appropriate administrative authorities in the suppression of illegal traffic in firearms and in the tracing and locating of firearms transferred from the territory of one State to the territory of another.

Article 3

Each Contracting Party shall remain free to prescribe laws and regulations concerning firearms provided that such laws and regulations are not incompatible with the provisions of this Convention.

Article 4

This Convention does not apply to any transaction concerning firearms to which all the parties are States or acting on behalf of States.

CHAPTER II
Notification of transactions

Article 5

1. If a firearm situate within the territory of a Contracting Party is sold, transferred or other-

ráðstafað til aðila sem búsettur er á landssvæði annars samningsaðila og skal þá fyrrgreindur samningsaðili tilkynna hinum síðarnefnda um það á þann hátt sem greinir í 8. og 9. gr.

2. Til framkvæmdar á ákvæðum 1. tl. þessarar greinar skal sérhver samningsaðili gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að sérhver aðili sem selur, afhendir eða á annan hátt ráðstafar skotvopni sem til staðar er á landssvæði hans láti þar til bærum yfirvöldum samningsaðilans í té upplýsingar um viðskiptin.

6. gr.

Nú er skotvopn sem til staðar er á landssvæði samningsaðila flutt varanlega, og án þess að umráðaskipti verði, á landssvæði annars samningsaðila og skal þá fyrrnefndi aðilinn tilkynna það hinum síðarnefnda á þann hátt sem greinir í 8. og 9. gr.

7. gr.

Nú er skotvopn flutt um landssvæði samningsaðila og skal þá einnig senda honum tilkynningar þær sem um ræðir í 5. og 6. gr. þegar slíkar upplýsingar eru taldar mega koma að gagni að mati ríkis þess, sem landssvæði það tilheyrir, sem skotvopnið kemur frá.

8. gr.

1. Tilkynningar þær sem um ræðir í 5., 6. og 7. gr. skulu sendar eins fljótt og verða má. Samningsaðilar skulu leitast við að tryggja að tilkynning sé send áður en viðskiptin eða afhendingin sem um ræðir á sér stað, en takist það ekki, þá sé það gert eins fljótt og unnt er eftir að hún átti sér stað.

2. Tilkynningar þær sem um ræðir í 5., 6. og 7. gr. skulu einkum geta um:

a. Persónuauðkenni, númer vegabréfs eða persónuskilríkja og heimilisfang aðila þess sem umrætt skotvopn er selt, afhent eða á annan hátt ráðstafað til eða aðila þess sem er að flytja skotvopn varanlega til landssvæðis annars samningsaðila án þess að um umráðaskipti sé að ræða.

b. Tegund, gerð og einkenni umrædds skotvopns, svo og númer þess eða sérhvert annað auðkenni.

9. gr.

1. Tilkynningar þær sem um ræðir í 5., 6. og 7. gr. skulu sendar milli þeirra yfirvalda ríkjanna sem samningsaðilar tilnefna.

wise disposed of to a person resident in the territory of another Contracting Party, the former Party shall notify the latter in the manner provided in Articles 8 and 9.

2. For the purpose of the application of the provisions of paragraph 1 of this Article, each Contracting Party shall take the steps necessary to ensure that any person who sells, transfers or otherwise disposes of a firearm situate within its territory shall furnish particulars of the transaction to the competent authorities of that Party.

Article 6

If a firearm situate within the territory of a Contracting Party is transferred permanently and without change in the possession thereof to the territory of another Contracting Party, the former Party shall notify the latter in the manner provided in Articles 8 and 9.

Article 7

The notifications referred to in Articles 5 and 6 shall also be made to the Contracting Parties through whose territory a firearm passes in transit when the State from whose territory it is sent deems such information to be useful.

Article 8

1. The notifications referred to in Articles 5, 6 and 7 shall be made as expeditiously as possible. The Contracting Parties shall use their best endeavours to ensure that notification is made prior to the transaction or the transfer to which it relates, failing which it shall be made as soon as possible thereafter.

2. The notifications referred to in Articles 5, 6 and 7 shall, in particular, indicate:

a. the identity, the number of passport or identity card and the address of the person to whom the firearm in question is sold, transferred or otherwise disposed of or of the person who is transferring a firearm permanently to the territory of another Contracting Party without change of possession;

b. the type, make and characteristics of the firearm in question as well as its number or any other distinguishing mark.

Article 9

1. The notifications referred to in Articles 5, 6 and 7 shall be made between such national authorities as the Contracting Parties shall designate.

2. Senda má tilkynningarnar með milligöngu Alþjóðasamtaka sakamálalögreglu (Interpol), þegar slíkt er hentugt.

3. Með yfirlýsingu stílaðri til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins skal sérhvert ríki við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals síns tilgreina það yfirvald sem senda á tilkynningar til. Það skal án tafar tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins um allar síðari breytingar á umræddum yfirvöldum.

2. When appropriate the notifications may be sent through the International Criminal Police Organisation (Interpol).

3. Any State shall, at the time of depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, indicate the authority to which notifications should be addressed. It shall forthwith notify the Secretary General of the Council of Europe of any subsequent modification of the identity of such authorities.

III. KAFLI
Tvöfalt leyfi.

10. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ekkert skotvopn sem til staðar er á landssvæði hans sé selt, afhent eða á annan hátt ráðstafað til aðila sem ekki er búsettur þar og ekki hefur áður aflað sér leyfis þar til bærra yfirvalda framangreinds samningsaðila.

2. Slíkt leyfi skal ekki veitt nema þar til bær yfirvöld hafi áður verið fullvissuð um að leyfi til þeirra viðskipta sem um er að ræða hafi verið veitt viðkomandi aðila af þar til bærum yfirvöldum þess samningsaðila þar sem aðilinn er búsettur.

3. Nú tekur þessi aðili skotvopnið í sínar vörslur á landssvæði þess samningsaðila þar sem viðskiptin fara fram, og skal þá leyfi það sem um ræðir í 1. tl. aðeins veitt með þeim skilmálum og takmörkunum sem leyfi væri veitt með þegar um er að ræða viðskipti milli íbúa á landssvæði samningsaðilans. Sé skotvopnið þegar í stað flutt úr landi eru yfirvöld þau sem um ræðir í 1. tl. einungis skuldbundin til að fullvissa sig um að yirvöld samningsaðila þess þar sem umræddur aðili er búsettur hafi heimilað viðkomandi viðskipti eða slík viðskipti almennt.

4. Í stað leyfa þeirra sem vísað er til í 1. og 2. tl. þessarar greinar getur komið alþjóðlegt leyfi.

11. gr.

Sérhvert ríki skal við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals síns tilgreina hvert yfirvalda sinna er bært til að gefa út leyfi þau sem um ræðir í 2. tl. 10. gr. Það skal án tafar tilkynna aðalframkvæmdastjóra

CHAPTER III
Double authorisation

Article 10

1. Each Contracting Party shall take the measures appropriate to ensure that no firearm situate within its territory is sold, transferred or otherwise disposed of to a person not resident there who has not first obtained authorisation from the competent authorities of the said Contracting Party.

2. This authorisation shall not be granted unless the competent authorities shall first have been satisfied that an authorisation in respect of the transaction in question has been granted to the said person by the competent authorities of the Contracting Party in which he is resident.

3. If this person takes possession of the firearm in the territory of the Contracting Party in which the transaction takes place, the authorisation referred to in paragraph 1 shall only be granted on the terms and conditions on which an authorisation would be granted in a transaction involving residents of the Contracting Party concerned. If the firearm is immediately exported, the authorities referred to in paragraph 1 are only obliged to ascertain that the authorities of the Contracting Party in which the said person is a resident have authorised this particular transaction or such transactions in general.

4. The authorisations referred to in paragraphs 1 and 2 of this Article may be replaced by an international licence.

Article 11

Any State shall, at the time of depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify which of its authorities is competent to issue the authorisations referred to in paragraph 2 of Article 10. It shall forthwith

Evrópuráðsins um allar síðari breytingar á umræddum yfirvöldum.

IV. KAFLI
Lokaákvæði.

12. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Samningurinn öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er þriðja fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjalið er afhent.

3. Gagnvart ríki sem undirritar en fullgildir, viðurkennir eða samþykkir síðar öðlast samningurinn gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal er afhent.

13. gr.

1. Eftir gildistöku samnings þessa getur ráðherranefnd Evrópuráðsins boðið hvaða ríki sem er, sem ekki er aðili að ráðinu, að gerast aðili að samningi þessum. Ákvörðun sem hefur að geyma slíkt boð skal vera í samræmi við d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og hljóta samhljóða samþykki þeirra aðildarríkja Evrópuráðsins sem eru aðilar að samningnum.

2. Slík aðild gerist með afhendingu aðildarskjals til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, og tekur gildi þremur mánuðum síðar.

14. gr.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals að tilgreina það eða þau landssvæði sem samningur þessi á að ná til.

2. Við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals eða síðar getur sérhvert ríki lýst því yfir við aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að samningur þessi

notify the Secretary General of the Council of Europe of any subsequent modification of the identity of such authorities.

CHAPTER IV
Final provisions

Article 12

1. This Convention shall be open to signature by the member States of the Council of Europe. It shall be subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

2. The Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of three months after the date of the deposit of the third instrument of ratification, acceptance or approval.

3. In respect of any signatory State ratifying, accepting or approving it subsequently, the Convention shall come into force on the first day of the month following the expiration of three months after the date of the deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 13

1. After the entry into force of this Convention, the Committee of Ministers of the Council of Europe may invite any non-member State to accede thereto. The decision containing this invitation shall be in accordance with Article 20. *d.* of the Statute of the Council of Europe and receive the unanimous agreement of the member States of the Council of Europe which are Contracting Parties to the Convention.

2. Such accession shall be effected by depositing with the Secretary General of the Council of Europe an instrument of accession which shall take effect three months after the date of its deposit.

Article 14

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.

2. Any State may, when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession or at any later date, by declaration addressed to the Secretary General of the Coun-

nái einnig til hvaða annars landssvæðis eða landssvæða sem tilgreind eru í yfirlýsingunni enda fari það með utanríkismál þess eða hefur heimild til að skuldbinda það.

3. Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt undanfarandi tölulið má afturkalla fyrir hvert það landssvæði sem þar er greint með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Slík afturköllun skal ganga í gildi sex mánuðum eftir að tilkynningin berst aðalframkvæmdastjóranum.

15. gr.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals að lýsa yfir því að það notfæri sér einn eða fleiri af fyrirvörum þeim sem greindir eru í viðauka II við samning þennan.

2. Sérhverju samningsríki er heimilt að afturkalla, alveg eða að hluta, fyrirvara sem það hefur gert samkvæmt framangreindum tölulið, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins og gengur hún í gildi frá þeim degi er hún berst.

3. Samningsaðili sem gert hefur fyrirvara í samræmi við 1. tl. þessarar greinar getur ekki krafist þess að nokkur annar aðili beiti því ákvæði sem fyrirvarinn hefur verið gerður um. Hann getur þó, sé fyrirvarinn aðeins að hluta til eða skilyrtur, krafist beitingar ákvæðisins að því marki sem hann hefur sjálfur viðurkennt það.

16. gr.

1. Samningsaðilum er ekki heimilt að gera tvíhliða eða marghliða samninga sín í milli um þau efni sem samningur þessi fjallar um nema til þess að auka við ákvæði hans eða auðvelda framkvæmd þeirra meginreglna sem í honum felast.

2. Ef hins vegar tveir eða fleiri samningsaðilar stofna til eða hafa þegar komið á tengslum sín í milli um þetta málefni á grundvelli samræmdrar löggjafar eða sérstaks eigin fyrirkomulags sem gerir ráð fyrir víðtækari skuldbindingum, þá er þeim heimilt að haga þeim tengslum í samræmi við það þrátt fyrir ákvæði samnings þessa.

3. Samningsaðilar sem í samræmi við ákvæði 2. tl. þessarar greinar hætta að beita skilmálum þessa samnings um samskipti sín um þetta málefni skulu tilkynna það aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

cil of Europe, extend this Convention to any other territory or territories specified in the declaration and for whose international relations it is responsible or on whose behalf it is authorised to give undertakings.

3. Any declaration made in pursuance of the preceding paragraph may, in respect of any territory mentioned in such declaration, be withdrawn by means of a notification addressed to the Secretary General. Such withdrawal shall take effect six months after the date of receipt by the Secretary General of such notification.

Article 15

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, declare that it avails itself of one or more of the reservations provided for in Appendix II to this Convention.

2. Any Contracting Party may wholly or partly withdraw a reservation it has made in accordance with the foregoing paragraph by means of a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe which shall become effective as from the date of its receipt.

3. A Contracting Party which has made a reservation in accordance with paragraph 1 of this Article may not claim the application by any other Party of the provision on which the reservation has been made; it may, however, if its reservation is partial or conditional, claim the application of that provision insofar as it has itself accepted it.

Article 16

1. The Contracting Parties may not conclude bilateral or multilateral agreements with one another on the matters dealt with in this Convention, except in order to supplement its provisions or facilitate application of the principles embodied in it.

2. However, should two or more Contracting Parties establish or have already established their relations in this matter on the basis of uniform legislation or a special system of their own, providing for more extensive obligations, they shall be entitled to regulate those relations accordingly notwithstanding the provisions of this Convention.

3. Contracting Parties ceasing in accordance with paragraph 2 of this Article to apply the terms of this Convention to their mutual relations in this matter shall notify the Secretary General of the Council of Europe to that effect.

17. gr.

1. Nefnd Evrópuráðsins um afbrotamál skal látin fylgjast með framkvæmd samnings þessa og skal nefndin gera allt það sem þurfa þykir til að greiða fyrir vinsamlegri lausn hvers kyns vanda er verða kann vegna framkvæmdar hans.

2. Nefnd Evrópuráðsins um afbrotamál getur með hliðsjón af framtíðarþróun tækni-, félags- og efnahagsmála samið og lagt fyrir ráðherranefnd Evrópuráðsins tillögur til breytinga eða viðauka við samning þennan og þá sérstaklega til breytinga á efni viðauka I.

18. gr.

1. Sérhver samningsaðili getur sett reglur sem öðlast þegar gildi og takmarka ákvæði þessa samnings tímabundið ef til styrjaldar kemur eða við aðrar óvenjulegar aðstæður. Hann skal þegar tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins um hverja slíka takmörkun og um brottfall hennar.

2. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að segja upp samningi þessum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Slík uppsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

19. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins og sérhverju ríki sem gerst hefur aðili að samningnum:

a. Sérhverja undirritun.

b. Sérhverja afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals.

c. Sérhvern gildistökudag samnings þessa samkvæmt 12. og 13. gr.

d. Sérhverja yfirlýsingu eða tilkynningu sem berst samkvæmt ákvæðum 3. tl. 9. gr.

e. Sérhverja yfirlýsingu eða tilkynningu sem berst samkvæmt ákvæðum 11. gr.

f. Sérhverja yfirlýsingu eða tilkynningu sem berst samkvæmt ákvæðum 14. gr.

g. Sérhvern fyrirvara sem gerður er samkvæmt ákvæðum 1. tl. 15. gr.

h. Afturköllun sérhvers fyrirvara samkvæmt ákvæðum 2. tl. 15. gr.

i. Sérhverja tilkynningu sem berst samkvæmt

Article 17

1. The European Committee on Crime Problems of the Council of Europe shall be kept informed regarding the application of this Convention and shall do whatever is needful to facilitate a friendly settlement of any difficulty which may arise out of its execution.

2. The European Committee on Crime Problems may, in the light of future technical, social and economic developments, formulate and submit to the Committee of Ministers of the Council of Europe proposals designed to amend or supplement the provisions of this Convention and in particular to alter the contents of Appendix I.

Article 18

1. In the event of war or other exceptional circumstances any Contracting Party may make rules temporarily derogating from the provisions of this Convention and having immediate effect. It shall forthwith notify the Secretary General of the Council of Europe of any such derogation and of its cesser.

2. Any Contracting Party may denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe. Such denunciation shall take effect six months after the date of receipt by the Secretary General of such notification.

Article 19

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council and any State that has acceded to this Convention of:

a. any signature;

b. any deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession;

c. any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 12 and 13;

d. any declaration or notification received in pursuance of the provisions of Article 9, paragraph 3;

e. any declaration or notification received in pursuance of the provisions of Article 11;

f. any declaration or notification received in pursuance of the provisions of Article 14;

g. any reservation made in pursuance of the provisions of Article 15, paragraph 2;

h. the withdrawal of any reservation made in pursuance of the provisions of Article 15, paragraph 2;

i. any notification received in pursuance of

ákvæðum 3. tl. 16. gr. og varðandi samræmda löggjöf eða sérstakt fyrirkomulag.

j. Sérhverja tilkynningu sem berst samkvæmt ákvæðum 1. tl. 18. gr. og dagsetningu er takmörkun er gerð eða fellur niður, eftir því sem við á.

k. Sérhverja tilkynningu sem berst samkvæmt ákvæðum 2. tl. 18. gr. svo og gildistökudag uppsagnar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg 28. júní 1978 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til sérhvers þeirra ríkja sem undirrita og gerast aðilar.

the provisions of Article 16, paragraph 3, and concerning uniform legislation or a special system;

j. any notification received in pursuance of the provisions of Article 18, paragraph 1, and the date on which the derogation is made or ceases, as the case may be;

k. any notification received in pursuance of the provisions of Article 18, paragraph 2, and the date on which denunciation takes effect.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, this 28th day of June 1978, in English and in French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each of the signatory and acceding States.

VIÐAUKI I

A. Í samningi þessum merkir „skotvopn“:

1. Sérhvert tæki sem (i) er hannað eða breytt til þess að vera vopn, sem hleypa má úr skoti, kúlu eða öðru skeyti eða hættulegu gasi, vökva eða öðru efni, með því að nota sprengiefni, samþjappað gas eða loft eða hvaða annan orkugjafa sem er, og (ii) fellur undir einhverja þá sérstöku lýsingu sem greinir hér á eftir, að því tilskildu að stafliðir a til f að báðum meðtöldum og i taka aðeins til tækja sem nota sprengjanlegan orkugjafa:

a. Sjálfvirk vopn.

b. Stutt vopn með hálf-sjálfvirkum eða handvirkum endurhleðslubúnaði eða einskotabúnaði.

c. Löng vopn með hálf-sjálfvirkum eða handvirkum endurhleðslubúnaði með a. m. k. einu riffluðu hlaupi.

d. Einskota löng vopn með a. m. k. einu riffluðu hlaupi.

e. Löng vopn með hálf-sjálfvirkum eða handvirkum endurhleðslubúnaði og aðeins sléttu hlaupi eða hlaupum.

f. Hreyfanlegar eldflaugavörpur.

g. Sérhver vopn eða önnur áhöld hönnuð til þess að valda hættu fyrir líf eða heilsu fólks með því að skjóta efnum sem eru deyfandi, eitruð eða ætandi.

h. Eldvörpur ætlaðar til árásar eða varnar.

APPENDIX I

A. For the purposes of this Convention "firearm" shall mean:

1. Any object which i. is designed or adapted as a weapon from which a shot, bullet or other missile, or a noxious gas, liquid or other substance may be discharged by means of explosive, gas or air pressure or by any other means of propulsion, and ii. falls within one of the specific descriptions below, it being understood that subparagraphs *a* to *f* inclusive and *i* include only objects utilising an explosive propellant:

a. automatic arms;

b. short arms with semi-automatic, repeating or single-shot mechanism;

c. long arms with semi-automatic or repeating mechanism with at least one rifled barrel;

d. single-shot long arms with at least one rifled barrel;

e. long arms with semi-automatic or repeating mechanism and smooth-bore barrel(s) only;

f. portable rocket launchers;

g. any arms or other instruments designed to cause danger to life or health of persons by firing stupefying toxic or corrosive substances;

h. flame-throwers meant for attack or defence;

i. Einskota löng vopn með sléttu hlaupi eða hlaupum eingöngu.

j. Löng vopn með búnaði fyrir gas sem orkugjafa.

k. Stutt vopn með búnaði fyrir gas sem orkugjafa.

l. Löng vopn með búnaði fyrir samþjappað loft sem orkugjafa.

m. Stutt vopn með búnaði fyrir samþjappað loft sem orkugjafa.

n. Vopn þar sem kúlan er knúin eingöngu með fjöður.

Það er ávallt tilskilið að undanþegin þessum 1. tl. séu eftirtalin hvers konar tæki sem annars falla undir skilgreiningu hans sem:

i Hafa verið varanlega gerð ónothæf til notkunar.

ii Eru ekki háð eftirliti í ríki því sem flytja á þau frá sökum þess hve kraftlítil þau eru.

iii Eru hönnuð fyrir hættumerki, merkjagjöf, björgun, slátrun dýra, skutlun eða fyrir iðnaðarnot eða tæknileg not, að því tilskildu að slík tæki séu eingöngu nothæf til þess hlutverks sem þau eru ætluð.

iv Eru ekki háð eftirliti í ríki því sem flytja á þau frá vegna þess hversu gömul þau eru.

2. Skotbúnaður, skothús, strokkur eða hlaup á sérhverju tæki sem talið er í 1. tl. hér að framan.

3. Hvers konar skotfæri sérlega hönnuð til að vera skotið með tæki sem fellur undir 1. tl., stafliði a til f að báðum meðtöldum, i, j, k eða n, og hvers konar efni sem sérlega er hannað til að vera skotið með tæki, sem fellur undir 1. tl. staflið g hér að framan.

4. Sjónaukamið með ljósgeisla eða sjónaukamið með rafeinda ljósmögnunarbúnaði, eða innrauðum ljósbúnaði, að því tilskildu að þau séu hönnuð til að vera tengd á eitthvert tæki sem fellur undir 1. tl. hér að framan.

5. Hljóðdeyfir hannaður til að vera tengdur við eitthvert tæki sem fellur undir 1. tl. hér að framan.

6. Hvers konar handsprengja, sprengja eða skeyti sem inniheldur sprengiefni eða íkveikjubúnað.

B. Í viðauka þessum táknar:

a. „Sjálfvirkt", vopn sem getur skotið í runu í hvert sinn sem tekið er í gikkinn.

i. single-shot long arms with smooth-bore barrel(s) only;

j. long arms with gas propellant mechanism;

k. short arms with gas propellant mechanism;

l. long arms with compressed air propellant mechanism;

m. short arms with compressed air propellant mechanism;

n. arms propelling projectiles by means of a spring only.

Provided always that there shall be excluded from this paragraph 1 any object otherwise included therein which:

i. has been permanently rendered unfit for use;

ii. on account of its low power is not subject to control in the State from which it is to be transferred;

iii. is designed for alarm, signalling, life saving, animal slaughtering, harpooning or for industrial or technical purposes on condition that such objects are usable for the stated purpose only;

iv. on account of its antiquity is not subject to control in the State from which it is to be transferred.

2. The firing mechanism, chamber, cylinder or barrel of any object comprised in paragraph 1 above.

3. Any ammunition specially designed to be discharged by an object comprised in sub-paragraphs *a* to *f* inclusive, *i, j, k* or *n* of paragraph 1 above and any substance or matter specially designed to be discharged by an instrument comprised in sub-paragraph *g* of paragraph 1 above.

4. Telescope sights with light beam or telescope sights with electronic light amplification device or infrared device provided that they are designed to be fitted to any object comprised in paragraph 1 above.

5. A silencer designed to be fitted to any object comprised in paragraph 1 above.

6. Any grenade, bomb or other missile containing explosive or incendiary devices.

B. For the purposes of this Appendix:

a. "automatic" denotes a weapon which is capable of firing in bursts each time the trigger is operated;

b. „Hálf-sjálfvirkt", vopn sem skýtur kúlu í hvert sinn sem aðeins er tekið í gikkinn.

c. „Handvirkur endurhleðslubúnaður", vopn þar sem hleðslubúnaðinn þarf að nota auk þess að taka í gikkinn í hvert sinn sem skjóta á úr vopninu.

d. „Einskota", vopn sem hlaða þarf hlaupið eða hlaupin fyrir hvert skot.

e. „Stutt", vopn með ekki meira en 30 sentimetra hlaupi og sem ekki er lengra en 60 sentimetrar í heild.

f. „Langt", vopn sem er með hlaupi sem er lengra en 30 sentimetrar og sem er lengra en 60 sentimetrar í heild.

VIÐAUKI II

Sérhvert ríki getur lýst yfir að það áskilji sér rétt til að:

a. Beita ekki II. kafla samnings þessa um eitt eða fleiri þeirra tækja, sem falla undir stafliði i til n að báðum meðtöldum í 1. tl., eða 2., 3., 4., 5. eða 6. tl. í viðauka I við samning þennan.

b. Beita ekki III. kafla samnings þessa.

c. Beita ekki III. kafla samnings þessa um eitt eða fleiri þeirra tækja sem falla undir stafliði i til n að báðum meðtöldum í 1. tl., eða 2., 3., 4., 5. eða 6. tl. í viðauka I við samning þennan.

d. Beita ekki III. kafla samnings þessa um viðskipti milli vopnasala sem búsettir eru á landssvæði tveggja samningsaðila.

b. "semi-automatic" denotes a weapon which fires a projectile each time the trigger alone is operated;

c. "repeating mechanism" denotes a weapon the mechanism of which in addition to the trigger must be operated each time the weapon is to be fired;

d. "single-shot" denotes a weapon whereof the barrel or barrels must be loaded before each shot;

e. "short" denotes a weapon with a barrel not exceeding 30 centimetres or whose overall length does not exceed 60 centimetres;

f. "long" denotes a weapon with a barrel exceeding 30 centimetres whose overall length exceeds 60 centimetres.

APPENDIX II

Any State may declare that it reserves the right:

a. not to apply Chapter II of this Convention in respect of any one or more of the objects comprised in sub-paragraphs *i* to *n* inclusive of paragraph 1 or in paragraphs 2, 3, 4, 5 or 6 of Appendix I to this Convention;

b. not to apply Chapter III of this Convention;

c. not to apply Chapter III of this Convention in respect of any one or more of the objects comprised in sub-paragraphs *i* to *n* inclusive of paragraph 1 or in paragraphs 2, 3, 4, 5, or 6 of Appendix I to this Convention;

d. not to apply Chapter III of this Convention to transactions between dealers resident in the territories of two Contracting Parties.

2. október 1984 Nr. 11

AUGLÝSING

um niðurfellingu samkomulags við Indland um afnám vegabréfsáritana.

Með erindaskiptum 22. júní og 26. september 1984 var samkomulag milli Íslands og Indlands frá 15. maí og 25. júní 1974 um afnám vegabréfsáritana fellt niður til bráðabirgða, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1974 þar sem samkomulagið er birt.

Niðurfellingin gildir frá 24. júní 1984 að því er varðar ríkisborgara Íslands og frá 1. október 1984 að því er varðar ríkisborgara Indlands.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 2. október 1984.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.